

TRÚNAÐARYFIRLÝSING

Samstarfsaðila VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Nafn samstarfsaðila: _____, kt. _____

Aðilum sem eiga samstarf við VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð ses. (VIRK), án ráðningarsambands, t.a.m. verktakar og aðrir fagaðilar sem eiga aðkomu að þjónustu sjóðsins ber að skrifa undir yfirlýsingu þessa um þagnarskyldu og trúnað.

VIRK brýnir fyrir undirrituðum að kynna sér viðeigandi ákvæði laga um þagnarskyldu s.s. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, almenn hegningarlög nr. 19/1940, lög um réttindi sjúklunga nr.74/1997, lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

VIRK býr yfir viðkvæmum upplýsingum um skjólstaðingna sína, starfsmenn og aðra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að fyllsta trúnaðar sé gætt og að enginn óviðkomandi hafi aðgang að viðkvæmum upplýsingunum, hvorki innan sjóðsins, né utan. Samstarfsaðilar VIRK eru bundnir trúnaðar og þagnarskyldu um hvað eina sem þeir verða áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi VIRK, stofnaðila VIRK og viðskiptavini. Þagnarskyldan gildir bæði utan og innan VIRK. Undirritaður er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann fær vitneskju um í tengslum við vinnu sína fyrir sjóðinn, nema um sé að ræða atriði sem aðrir aðilar hafa heimild til að fá vitneskju um eðli málsins samkvæmt.

Sé undirrituðum veittur aðgangur að upplýsingakerfi VIRK er bent á að skilyrði aðgangs er auðkenning með rafrænum skilríkjum og notkun er á ábyrgð undirritaðs, aðgangurinn er rekjanlegur og getur undirritaður búist við því síðar að verða spurður um ástæður skoðunar. Undirrituðum er óheimilt að nýta upplýsingar úr upplýsingakerfunum í eigin þágu. Undirrituðum er óheimilt að kynna sér gögn sem falla utan verksviðs hans vegna starfa í þágu VIRK. Undirrituðum ber skylda til að kynna sér reglur um umgengni við upplýsingakerfi VIRK.

Brot á trúnaði er alvarlegt brot og getur varðað riftun á samningi eða samstarfi. Það ræðst þó af alvarleika brotsins. Alvarleg trúnaðarbrot réttlæta á hinn bóginn riftun án áminningar og getur varðað við lög. Brot samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum geta verið kærð til lögreglu og jafnvel sætt sakamálarannsókn.

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér að ég mun gæta þagnarskyldu um atriði, sem ég fæ vitneskju um vegna starfa minna fyrir VIRK, og leynt skulu fara, samkvæmt lögum, fyrirmælum starfsmanna VIRK eða eðli málsins. Þagnarskyldan nær sérstaklega til allrar vitneskju um viðkvæmar persónuupplýsingar sem ég fæ aðgang að vegna starfa minna. Mér er kunnugt um að brot gegn þessari þagnarskyldu geta varðað refsingu m.a. samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eða, eftir atvikum, ákvæðum annarra laga, s.s. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þagnarskyldan helst þótt undirritaður láti af störfum fyrir VIRK.

Með undirskrift sinni hér að neðan staðfestir ofangreindur aðili að hann hafi lesið þessar reglur og skilið.

Reykjavík _____

Undirritun samstarfsaðila

Vottar að undirritun og dags:
